

LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **16-062F017**

Dags: **6. júlí 2016**

Staður: **Tungubakkaflugvöllur í Mosfellsbæ**

Lýsing: **Fór á nefið í landingarbruni**

Flugmaður ásamt farþega fór á TF-KAJ í yfirlandsflug um Suðurland og var flugtak frá flugvöllinum í Mosfellsbæ. Flugmaðurinn gerði nokkrar snertilendingar á flugvöllinum við Sandskeið og snéru þeir að því loknu að flugvöllinum í Mosfellsbæ og lentu þar. Þá fór farþeginn frá borði í þeim tilgangi að taka myndband af næstu/síðustu landingu flugvélarinnar þar sem flugmaðurinn hugðist æfa stuttbrautarlandingu.



Myndbandsupptaka náðist af atvikinu og virðist sem flugmaðurinn hafi stigið of snögglega á bremsur í landingunni með þeim afleiðingum að flugvélin hafnaði á nefinu. Þá telur RNSA að síðasta landingin hafi verið öðruvísi fyrir flugmanninn að því leyti að farþeginn sem áður sat fyrir aftan hann var farinn úr flugvélinni og massamiðja hennar því færst frammar en í fyrri landingum.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2016.